



5. bekkur – Námsgrein: Samfélagsfræði – Kennari: Emma Ósk Ragnarsdóttir – Tímafjöldi: 6

Námsgögn: Ísland hér búum við lesbók og vinnubók, Ég og samfélagið, Börn í okkar heimi, Réttindasmiðjan, Sögugáttin, Uppvöxtur í lýðræði, þekktu réttindi þín, UNESCO verkefni.

Ýmislegt efni sem kennarar útbúa og prenta út af vef:

- utfyrirbokina.is
- skolavefurinn.is
- 123skoli.is
- kennarinn.is
- fjölbreyttkennsla.is

Lykilhæfni:

Námsgreinin kemur inn á alla þætti lykilhæfni sem unnið er út frá samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla:

- tjáning og miðlun
- skapandi og gagnrýnin hugsun
- sjálfstæði og samvinna
- nýting miðla og upplýsinga
- ábyrgð og mat á eigin námi



Grunnpættir:

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru grunnpættir menntunar sex. Unnið er með alla þessa þætti, en þó mismikið eftir árgöngum: *læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð, sköpun*. Sjá nánar í skólanámskrá Landakotsskóla.

Lokanámsmat í samræmi við hæfniviðmið aðalnámskrár.

Í Landakotsskóla er leitast við að námsmat sé leiðbeinandi og nái utan um fjölbreytta hæfni nemenda. Í megindráttum er endurgjöf og námsmat til nemenda með tvenns konar hætti:

- *í formi óformlegs námsmats í gegnum samtal, hvatningu og leiðsögn í kennslustundum sem byggt er á skýrum markmiðum sem eru nemendum ljós.*
- *með formlegri hætti með ólíkum verkefnum sem nemandi vinnur ýmist í skólanum eða sem heimaverkefni. Nemendur sýna hæfni sína með ritgerðum, kynningum, munnlegum, verklegum eða skriflegum prófum, leikþáttum, stuttmyndum, framsöguverkefnum myndverkum eða dansverkum þar sem styrkleikar nemenda geta notið sín. Í þessum verkefnum fá nemendur formlegri endurgjöf sem getur verið í formi einkunnarorða, bókstafa, prósentutölu, stigagjafar eða umsagnar. Nemendur vinna einnig sjálfsmat og jafningamat með sambærilegum hætti. Námsmatið er grundvallað á þeim hæfniviðmiðum sem unnir er með hverju sinni.*



Náms- og kennsluáætlun

Skólaárið 2025-2026

Hæfniviðmiðin eru sá grundvöllur sem náms- og kennsluaðferðir og námsmat byggjast á.

- Hæfniviðmiðin skýra fyrir nemendum til hvers er ætlast af þeim og leiðbeina við námið, hvetja og auka skilning á tilgangi námsins.
- Hæfniviðmiðin hjálpa kennurum að gera sér skýra grein fyrir því hvað það er sem þeir vilja að nemendur nái tökum á varðandi þekkingu og leikni.
- Hæfniviðmiðin hjálpa kennurum að velja hentugar kennsluaðferðir og skilgreina hvernig meta skuli árangur og hvort tiltekinni hæfni sé náð.

Námsþættir	Hæfniviðmið	Náms-og kennsluaðferðir	Námsmat
Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning, jörðin okkar, vinnulag samfélagsgreina: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann.	Geti nýtt sér kortabækur, kort og hnattlíkón í upplýsingaleit. Kunni skil á hugtökum sem tengjast viðfangsefninu. Þekki örnefni í heimabyggð og helstu náttúruauðlindir. Þekki til gamalgróinna atvinnuvega landsmanna. Geti sagt frá nokkrum atburðum og persónum sem koma við sögu lands og heimabyggðar. Skilji mikilvægi umhverfispáttar fyrir búsetu og lífsafkomu þjóðarinnar nú og áður fyrir. Geta nefnt dæmi um að sem er líkt og ólíkt í húsnæði, klæðaburði, mataræði, heimilislífi, menntun, siðum og venjum nú og á öðru tímaskeiði.	Vinnubækur, einstaklingsverkefni, hópverkefni, leiðsagnarnám.	Verkefnavinna, símat.



Náms- og kennsluáætlun

Skólaárið 2025-2026

Hugarheimur – Sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum.	Geti lýst sjálfum sér og geti tengt sig við nærsamfélagið, umhverfi og menningu. Geti gert sér grein fyrir styrkeikum og veikleikum og tileinki sér heilbrigða og holla lífshætti.	Vinnubækur, einstaklingsverkefni, hópverkefni, leiðsagnarnám.	Verkefnavinna, símat.
Félagsheimur – Samskipti, siðferði og trú, borgaravitund: hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl við aðra	Ræða um eigin athafnir og afleiðingar þeirra. Sýna sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum við aðra. Taka þátt í að setja sameiginlegar bekkjarreglur. Taka þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðum. Vinna saman í hópum við upplýsingaöflun og útbúa kynningarefni í formi plakata og/eða glærुकynninga. Vinna hópaverkefni sem kynnt eru fyrir bekkjarfélögum. Taka þátt í reglulegum bekkjarfundum.	Vinnubækur, einstaklingsverkefni, hópverkefni, leiðsagnarnám.	Verkefnavinna, símat.

ANNARÁÆTLUN - HAUST 2025				
Tímabil	Viðfangsefni	Námsefni	Dagsetning mats	Annað
Ágúst	Ísland Kort og kortalestur Við búum á Íslandi Náttúra Íslands	Ísland hér búum við		



Náms- og kennsluáætlun

Skólaárið 2025-2026

	Myndun og mótun Íslands			
September	Vötn Ár Fjöll Jöklar Hafið umhverfis landið Náttúruauðlindir Atvinnulíf Umhverfið okkar	Ísland hér búum við		
Október	Landshlutar Vesturland Vestfirðir Norðurland vestra Norðurland eystra Austurland Sjálfsmyndin Hópar sem þú ert í	Ísland hér búum við Ég og sjálfsmyndin		
Nóvember	Suðurland Suðurnes Reykjavík og nágrenni Barnasáttmáli SP, UNICEF og UNESCO efni Samskipti Heilbrigði sál í hraustum líkama Andleg líðan	Ísland hér búum við Barnasáttmáli SP, þekktu réttindi þín, ýmsir verkefnapakkar Ég og sjálfsmyndin		
Desember	Hálendið Heimabyggð	Ísland hér búum við		



Náms- og kennsluáætlun

Skólaárið 2025-2026

	Aðventan, jólin, hefðir og saga	Stök verkefni		
--	---------------------------------	---------------	--	--

Áskilinn er réttur til breytinga á áætlun og námsmati.